



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. maí 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um Barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þingskjal 1308 – 762. mál á 151. löggjafarþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um Barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir tækifærið til að gera umsögn við ofangreint mál. Samtökin hafa tekið þátt í samráði um mótun stefnunnar frá upphafi og lýsa yfir ánægju sinni með það og fagna því stóra skrefi sem tekið er með því að mótuð sé stefna í framkvæmd Barnasáttmálans á Íslandi.

Barnaheill fagna því að tekið hefur verið tillit til ábendinga samtakanna um mikilvægi þess að fræða foreldra um réttindi barna að nokkru leyti með því að gert er ráð fyrir að unnið verði fræðsluefni um innleiðingu og beitingu barnasáttmálans fyrir börn, *forsjáraðila*, fagstéttir o.fl. Samtökin vilja hvetja stjórnvöld til að leggja ríka áherslu á fræðslu til foreldra um réttindi barna og skapi aðstæður til að foreldrar geti sótt sér fræðslu um uppeldisfærni á meðgöngu og fyrstu árum í lífi barns. Styðja ber við að fræðsluefni verði unnið um jákvæðar uppeldisaðferðir og um að skapa bestu mögulegu aðstæður í lífi barna inni á heimilum og í þeirra daglega lífi. Með því að fræða foreldra og auðvelda þeim aðgengi að foreldrafærni- og fræðslu má leiða líkum að því að fleiri börn njóti bestu lífsskilyrða sem hægt er að skapa. Á Íslandi er góðar aðstæður til að gera foreldrum kleift að veita börnum sínum lífsskilyrði sem stuðla að því að þau nái að blómstra og nýta hæfileika sína á besta mögulega hátt. Foreldrar eru þeir sem mest áhrif hafa á hvernig börnum reiðir af í lífinu og eru því þeir aðilar sem mestu máli skiptir að fái góða fræðslu um hvernig þeir geti framfylgt Barnasáttmálanum í lífi sinna barna á besta mögulega hátt.

Að þessu sögðu, ítreka Barnaheill ánægju sína með þá stefnu og aðgerðaáætlun sem nú hefur verið lögð fyrir þing og hvetja eindregið til þess að hún verði samþykkt. Barnaheill lýsa yfir vilja sínum til að styðja við það að allar aðgerðirnar nái fram að ganga og áskilja sér rétt til að fylgjast grannt með framkvæmdinni og munu veita stjórnvöldum aðhald við útfærslu hennar.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllum sínum verkefnum og telja afar mikilvægt að allir samfélagsþegnar fái fræðslu um mannréttindi barna og um mikilvægi þess að temja sér barnréttindamiðaða hugsun og nálgun í samskiptum við börn.

(Hér á eftir fylgja fyrri umsagnir Barnaheilla um stefnuna um Barnvænt Ísland á fyrri stigum, því samtökin telja brýnt að sjónarmið sem fram í þeim koma séu aðgengileg við umfjöllun þings um hana).





Félagsmálaráðuneytið
B.t. Hjördísar Evu Þórðardóttur

Reykjavík 9. desember 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að stefnunni Barnvænt Ísland – um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Barnaheill - Save the Children á Íslandi - Fákafeni 9, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

Efnisyfirlit

UMSÖGN BARNHEILLA – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI UM DRÖG AÐ STEFNUNNI BARNVÆNT ÍSLAND – UM INNLEIÐINGU BARNASÁTTMÁLA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA	6
UM EINSTAKA ÞÆTTI STEFNUNNAR:.....	6
ÞÁTTAKA BARNA	7
FRÆÐSLA UM ÞÁTTTÖKU OG RÉTTINDI BARNA	7
BARNVÆN STJÓRNSÝSLA	7
HAGSMUNAMAT ÚT FRÁ RÉTTINDUM BARNA.....	8
HEILDSTÆÐ STEFNA Í MÁLEFNUM BARNA	8
LAGABREYTINGAR OG ALÞJÓÐLEGAR SKULDBINDINGAR UM RÉTTINDI BARNA.....	8
SAMRÆMD INNLEIÐING Á RÉTTINDUM BARNA.....	9
MARKVISS ÖFLUN GAGNA UM FARSÆLD OG RÉTTINDI BARNA Á ÍSLANDI.....	9
GREINING ÚTGJALDA HINS OPINBERA TIL AÐ TRYGGJA RÉTTINDI BARNA OG FARSÆLD .	9
ÁHERSLA Á RÉTTINDI BARNA Í ALÞJÓÐLEGU SAMSTARFI	9
EFTIRFYLGNI OG ENDURMAT	10
VIÐAUKI.....	11
Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að stefnu um barnvænt Ísland	11

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um drög að stefnunni Barnvænt Ísland – um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreind drög að stefnu um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og þakka fyrir það.

Barnaheill fagna heilshugar því mikilvæga framtaki sem hér er ráðist í, að setja heildstæða stefnu um innleiðingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Drögin eins og þau líta út taka til ákveðins sviðs samfélagsins, hins opinbera og öllu sem því tilheyrir, stofnana og starfsfólks ríkis og sveitarfélaga á öllum stjórnsýslustigum, Alþingis og dómstóla. Það er að mati Barnaheilla mjög gott svo langt sem það nær. Barnaheill hvetja til þess að horft verði enn lengra í næstu skrefum og að sett verði stefna um fræðslu um mannréttindi barna sem nær til foreldrasamfélagsins sem og atvinnulífsins. Í viðauka við umsögn þessa fylgir umsögn Barnaheilla sem gerð var við drög stefnunnar sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda í sumar síðastliðið, en þar eru þær áherslur nefndar sérstaklega. Því þó að skyldur ríkisins samkvæmt Barnasáttmálanum séu strangt tiltekið bundnar við stofnanir þess, þá er fræðsla til foreldra um hlutverk sitt einn mikilvægasti þátturinn í því að raungera mannréttindi barna í þeirra daglega lífi. Jafnframt er liður í innleiðingu Barnasáttmálans að setja lög og hafa stefnur og viðmið sem tryggja framfylgd mannréttinda barna á öllum sviðum samfélagsins.

Um einstaka þætti stefnunnar:

Barnaheill fagna öllum þáttum stefnunnar og aðgerðum þeim sem nefndar eru til útfærslu hennar. Í raun telja samtökin öll atriði stefnunnar vera eðlileg og nauðsynleg til að innleiða Barnasáttmálann heildstætt og samræmast síðustu lokaathugasemdom og ábendingum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenska ríkisins frá því 3. og 4. skýrslu Íslands var skilað til nefndarinnar.

Hvað varðar framsetningu stefnunnar vilja Barnaheill leggja til að einhver efnisleg umfjöllun um viðeigandi ákvæði Barnasáttmálans verði höfð með í köflum einstakra þátta hennar, en hún er af mjög skornum skammti eins og drögin líta nú út. Er þá mikilvægast að fjalla um grundvallarréttindi Barnasáttmálans, réttinn til lífs og þroska, réttinn til að vera ekki mismunað, réttinn til að ákvarðanir séu teknar með það sem barni er fyrir bestu að leiðarljósi og réttur barna til að tjá sig og til þátttöku.

Þáttaka barna

Í umfjöllun um þátttöku barna er lagt til að stofnaður verði sérstakur þáttökuvettvangur barna og barnvæn samráðsgátt stjórnvalda. Að mati Barnaheilla er hér tekið mjög gott skref og fagna því sérstaklega. Samtökin hvetja stjórnvöld til að tryggja ríkulegt fjármagn í þetta verkefni og samráð við börn og ungmenni, sem og við skólasamfélagið og hagsmunasamtök um málefni barna. Mikilvægt er að hugsa til framtíðar við hönnun vettvangsins sem og að huga vel að aðgengismálum fyrir börn með ólíkar þarfir.

Fræðsla um þátttöku og réttindi barna

Í umfjöllun þessa kafla er sett það markmið að tryggja þekkingu barna, almennings og opinberra starfsmanna/fagstétta á réttindum barna og skyldum stjórnvalda samkvæmt Barnasáttmálanum. Hér leggja Barnaheill til að vísun til foreldra og forsjárfólks verði bætt við upptalninguna.

Við þennan þátt stefnunnar bjóða Barnaheill fram þekkingu sína og aðstoð við fræðslu og gerð fræðsluefnis um Barnasáttmálann og mannréttindi barna. Sérstaklega benda samtökin á vefinn www.barnasattmali.is sem unnin var í samstarfi Barnaheilla, UNICEF, umboðsmanns barna og menntamálastofnunar. Einnig má nefna bækling og veggspjald sem inniheldur barnvænan texta Barnasáttmálans en hvort tveggja var gefið út fyrir á árinu.

Samtökin hafa áhuga á að taka með beinum hætti þátt í framkvæmd þessara verkefna og sérstaklega óska Barnaheill eftir að vera nefnd sem framkvæmdaaðili Dags mannréttinda barna, ásamt Stýrihópi Stjórnarráðsins í málefnum barna, en samtökunum hefur verið falið skipulag og framkvæmd þess dags frá því hann fyrst var haldinn.

Barnaheill hafa í hyggju að þróa frekara fræðsluefni um mannréttindi barna fyrir foreldra á komandi mánuðum og árum og eru reiðubúin að eiga ríkulegt samráð við Stýrihópinn um það verkefni.

Barnvæn stjórnvæn

Í þessum kafla koma fram mjög góð markmið og sjónarmið sem telja má framsýn og metnaðarfull. Ljóst er að hér er um ærið verkefni að ræða sem krefst vitundarvakningar og breyttra vinnuaðferða. Vitanlega styðja Barnaheill þær hugmyndir sem hér birtast og hvetja stjórnvöld til dáða. Samtökin vilja nefna í þessu sambandi að víða er mikilvægt að skýra ýmis réttindi betur, þannig að þau verði skilgreind sem réttur barnanna sjálfra, en ekki aðeins réttur foreldra vegna framfærslu eða umönnunar barna sinna. Hér má nefna sem dæmi réttur barns til meðlags, réttur barns til umgengni við foreldra sína, réttur barna til hjálpartækja, svo sem ef barn býr á tveimur heimilum, réttur barna til umönnunar foreldra sinna á fyrstu mánuðum í lífi sínu, réttur barns til að

umönnunaraðilar þeirra fá fræðslu um mannréttindi þess ásamt fleiri réttindum. Ljóst er að ef réttur barns til þjónustu verður skýrður með þessum hætti má ætla að viðhorf til barna breytist sem og þjónusta við þau og framkoma.

Hagsmunamat út frá réttindum barna

Hér er fjallað um eitt brúnasta verkefni stjórnýslunnar og hins opinbera um þessar mundir að mati Barnaheilla. Við allar ákvarðanir sem varða börn ber að meta áhrif ákvarðana á líf barna, svo hægt sé að nýta matið til að taka ákvörðun á þeim grundvelli að það sem barni er fyrir bestu hafi verið valið. Barnaheill styðja heilshugar við að slíkt hagsmunamat verði innleitt hjá hinu opinbera og veita gjarnan liðsinni sitt við útfærslu verklagsreglna um slíkt mat.

Heildstæð stefna í málefnum barna

Barnaheill styðja við að gerð verði heildstæð stefna í málefnum barna fyrir samfélagið. Samtökin hvetja til þess að, auk þeirra hópa sem nefndir eru í umfjöllun um þennan þátt, verði haft samráð við atvinnulífið og foreldrasamtök. Stefna í málefnum barna þarf að ná til allra kima samfélagsins, þannig að það markmið sé rækilega kynnt að Ísland sé ríki sem einsetji sér að virða Barnasáttmálann og framfylgja mannréttindum allra barna án mismununar. Það krefst þátttöku allra samfélagsþegna svo tryggja megi að mannréttindi allra barna séu virt. Slíkt er vitanlega langtímaverkefni en hreint ekki óraunhæft í litlu samfélagi eins og á Íslandi býr.

Lagabreytingar og alþjóðlegar skuldbindingar um réttindi barna

Í þessum kafla eru góðar og mikilvægar tillögur sem Barnaheill styðja við. Sérstaklega telja samtökin mikilvægt að þriðja valfrjálsa bókun Barnasáttmálans verði fullgilt sem allra fyrst þannig að börnum veitist sá réttur að leita með mál sín til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

Barnaheill taka undir það að mikilvægt er að íslensk lög verði almennt rýnd í þeim tilgangi að skoða hvort þau samræmist Barnasáttmálanum og að þeim verði breytt ef á það skortir. Samtökin benda t.a.m. á í þessu tilliti að réttur barna til að tjá sig, sbr. 12. gr. Barnasáttmálans er víða ónákvæm og ekki í fullu samræmi við orðalag 12. greinar. Sem dæmi má nefna 33. gr. a Barnalaga um sáttameðferð, en þar segir í 3. málslíð 3. mgr.: Veita skal barni, sem náð hefur nægilegum þroska, kost á að tjá sig við sáttameðferð nema telja megi að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins.

12. grein Barnasáttmálans hljóðar svo í upprunalegri útgáfu: States Parties shall assure to the child who is capable of forming his or her own views the right to express those views

freely in all matters affecting the child, the views of the child being given due weight in accordance with the age and maturity of the child.

Það má því halda því fram að hægt sé að túlka hið nefnda ákvæði Barnalaga þannig að einungis skuli veita barni kost á að tjá sig hafi það nægan þroska til og ef það hafi einhverja þýðingu fyrir úrslit máls. Slíkt orðalag er of matskennt að mati Barnaheilla og veitir of mikið svigrúm til að meta hvort það sé nauðsynlegt fyrir niðurstöðu máls að barn tjái sig um það. Að mati Barnaheilla ætti það að vera tryggt að barn sem myndað getur sér skoðanir (sbr. orðalag í frumtextanum) fái alltaf tækifæri til að sjá sig um mál hafi það þörf og vilja til þess eftir að hafa fengið leiðbeiningar um þann rétt sinn og nægar upplýsingar til að geta myndað sér skoðun. Síðan ber hinum fullorðnu að taka tillit til skoðunar barnsins þegar tekin er ákvörðun, í samræmi við aldur og þroska barnsins, þ.e. eftir því sem barn er eldra skuli sjónarmið þess vega þyngra um efni ákvörðunar, þó alltaf skuli metin þýðing skoðunar barns fyrir efni ákvörðunar óháð aldri barns.

Gera má ráð fyrir að víðar sé í lögum ákvæði sem endurskoða þarf til að gæta þess að raunveruleg merking og vilji Barnasáttmálans komi skýrt fram.

Samræmd innleiðing á réttindum barna

Barnaheill styðja þær tillögur sem hér koma fram og fagna því sérstaklega að lagt er til að öll sveitarfélög innleiði verkefni UNICEF, Barnvæn sveitarfélög. Það mun án efa verða öllum börnum til heilla.

Markviss öflun gagna um farsæld og réttindi barna á Íslandi

Barnaheill taka undir allar þær tillögur sem í þessum kafla eru nefndar. Mikilvægt er að undirstrika mikilvægi þess að upplýsingar og gögn sem safnað er um farsæld og réttindi barna séu aðgengilegar öllum og gagnsæjar, svo hægt sé að nýta þær til umbóta fyrir börn.

Greining útgjalda hins opinbera til að tryggja réttindi barna og farsæld

Barnaheill styðja heilshugar við þessa tillögu og hvetja til samstöðu um útfærslu hennar og framkvæmd.

Áhersla á réttindi barna í alþjóðlegu samstarfi

Texti fyrir þennan kafla hefur ekki verið birtur með drögunum. Barnaheill vilja koma því á framfæri að Ísland getur haft gífurleg áhrif á stöðu barna um allan heim, með því að vera



góð fyrirmynd og með því að framfylgja Barnasáttmálanum í verki. Skyldur ríkisins í alþjóðasamstarfi eru útlistaðar með ýmsum hætti í Barnasáttmálanum, svo sem til þátttöku í þróunarstarfi, í tengslum við menntun, aðstoð við börn á flóttu og fleira.

Eftirfylgni og endurmat

Barnaheill styðja við tillögurnar og hvetja til þess að horft verði til framtíðar við útfærslu eftirfylgni og endurmats, þannig að þróað verði verklag sem standist tímans tönn og verði að fullu fjármagnað hverju sinni.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og vinna að bættum hag allra barna. Sérstaka áherslu leggja samtökin á bann við mismunun sem og vernd barna gegn ofbeldi. Með samstöðu um stefnu þessa og útfærslu hennar og framkvæmd, má trúa því að virðing aukist til muna gagnvart mannréttindum barna, hér á landi sem annars staðar.

Viðauki

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að stefnu um barnvænt Ísland

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir tækifærið til að senda inn athugasemdir við ofangreint mál.

Samtökin fagna því heilshugar að unnið sé að því að íslenska ríkið setji sér stefnu um að Ísland verði barnvænt land með barnvænt stjórnkerfi.

Tillögur þær sem fram koma í drögum að stefnu um barnvænt Ísland bera að mati samtakanna merki hugrekkis og framsýni og nýrrar nálgunar þegar kemur að málefnum barna og þátttöku þeirra í samfélaginu. Barnaheill binda vonir við að stefnudrögin séu til marks um ríkan vilja stjórnvalda til raunverulegra breytinga öllum börnum til heilla á Íslandi.

Samtökin álíta tillögurnar spennandi og raunhæfar ef tekst að sameina og sætta sjónarmið ef einhver skarast, en vitanlega þurfa þær dýpra samtal og mótun áður en þær verða afgreiddar frá Alþingi, væntanlega sem tillaga til þingsályktunar. Jafnframt verður að mati samtakanna að vinna aðgerðaáætlun í góðu samráði við stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök sem vinna að hagsmunum barna. Barnaheill hvetja til samráðs og samtals við alla hagsmunaaðila, þar á meðal börn, áður en stefnan verður unnin frekar.

Barnaheill leggja til að bætt verði við drögin tillögum um stuðning og fræðslu til foreldra og forsjárfólks barna. Að mati samtakanna er afar mikilvægt að hlúa að grunnstoðum í lífi barna, tengslum foreldra og barna, umbúnaði og ákvarðanatöku á heimilum barna, barnvænum samskiptum og vernd gegn ofbeldi.

Að verða foreldri er stærsta og oftast besta en einnig erfiðasta hlutverk sem einstaklingar takast á hendur. Að mati Barnaheilla þarf að tryggja öllum tilvonandi foreldrum aðgang að foreldrafærnisáætlunum og fræðslu um Barnasáttmálann og réttindi barna. Jafnframt þarf að tryggja þeim ráðgjöf og stuðning við uppeldi barna sinna.

Samtökin vilja hvetja til þess að verkefni sem lúta að útgáfu fræðsluefnis um virðingarríkar uppeldisaðferðir fái góðan stuðning og meðbyr til útbreiðslu í samfélaginu því slíkar aðferðir eru líklegar til að vera í góðu samræmi við ákvæði Barnasáttmálans um vernd og þátttöku barna.



Mikilvægt er að hvetja einstaklinga sem hyggja á barneignir til að styrkja andlega heilsu sína og til að vinna úr áföllum barnæsku sinnar, takast á við óunnar neikvæðar tilfinningar, svo minni líkur séu á að uppeldisaðferðir þeirra litist af gömlum og óviðeigandi gildum fyrri tíma. Hvetja skal til jákvæðra uppeldisaðferða sem hafa í heiðri virðingu gagnvart barninu frá fyrstu stundu, sem einstaklings með sjálfstæð réttindi og þarfir sem mikilvægt er að hlusta á og leitast við að uppfylla á besta mögulega hátt. Mikilvægt er að mati samtakanna að leggja af aðferðir sem byggjast á skömm, ótta og skortshugsun og hvetja til aðferða sem styrkja sjálfsmynd barna, hvetja þau til dáða og efla þeim trú.

Mikilvægt er að mati Barnaheilla að foreldrar fái stuðning til að vera góðar fyrirmyndir í lífi barna sinna og aðstoð við að styrkja eigin sjálfsmynd og andlega heilsu, ekki síður en líkamlega. Svo tillögur stefnudraganna nái fram að ganga og gagnist öllum börnum án mismununar, þarf að skapa jarðveg á heimilum barna fyrir þátttöku þeirra í ákvörðunum um þeirra eigin líf. Til þess þarf fræðslu og hvatningu til foreldra að tileinka sér nýja hugsun og uppeldisaðferðir, þar sem þess þarf með. Aðgengi að sálfræðiaðstoð og markþjálfun er mikilvægt svo foreldrar geti unnið markvisst að því að styrkja og byggja upp jákvæðar uppeldisaðferðir. Að mati Barnaheilla er þörf á að fræða foreldra um rétt barna til þátttöku um allar ákvarðanir sem þau varða, líka og ekki síst á heimilum sínum.

Samtökin taka gjarnan þátt í þróun fræðsluefnis fyrir foreldra og aðstandendur barna um mannréttindi barna og jákvæða innleiðingu Barnasáttmálans inn á heimili barna.

Barnaheill leggja ennfremur til að í stefnuna verði bætt áformum um að vinna að því að fá atvinnulífið til þátttöku um stefnumótun í málefnum barna. Að mati Barnaheilla er atvinnulífið stór áhrifavaldur í lífi barna og ábyrgðaraðili í verkefninu við að byggja upp barnvænt samfélag. Atvinnulífið þarf að byggja upp sveigjanleika fyrir foreldra til að geta tekið þátt í lífi barna sinna eins og þörf er á, tryggja þarf foreldrum laun sem duga til að búa börnum og fjölskyldum þeirra góð lífsskilyrði, þar með talið að tryggja börnum öruggt og heilnæmt umhverfi og húsnæði. Hvetja þarf fyrirtæki og vinnustaði til að innleiða stefnu um samfélagslega ábyrgð sem gerir ráð fyrir að ákvarðanir séu teknar á grunni mats á áhrifum á líf barna og með það sem börnum er fyrir bestu að leiðarljósi.

Barnaheill fagna og taka eindregið þátt í frekara samtali um mótun stefnu um barnvænt Ísland.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. maí 2021
Tilvísun: 2021010043/33



Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 762. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 12. maí 2021, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 762. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa fagnar því að fram sé komin aðgerðaráætlun um innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en stofan hefur lengi talið skorta á markvissari aðgerðum við að innleiða barnasáttmálann. Mælir stofan því með að tillagan verði samþykkt.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fundar nefndarinnar sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um tillögu til þingsályktunar um Barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 762. mál.

Landssamtökin Proskahjálp þakka fyrir að hafa fengið þingsályktunartillöguna til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi hana.

Landssamtökin Proskahjálp vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks og hafa allt frá stofnun samtakanna árið 1976 lagt sérstaka áherslu á réttindi og hagsmuni fatlaðra barna og ungmenna. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum. Þá taka verkefni, starfsemi og stefnmál samtakanna ævinlega mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks ári 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja samningnum á öllum sviðum samfélagsins. Í þingsályktun sem Alþingi samþykkti mótatkvæðalaust 3. september 2019 segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Frumvarp, sem feli í sér lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að honum, verði lagt fram á Alþingi með það að markmiði að samningurinn verði lögfestur eigi síðar en 13. desember 2020.“

Þrátt fyrir þessi skýru fyrirmæli Alþingis til framkvæmdavaldsins hefur frumvarp um lögfestingu samningsins ekki enn verið lagt fram. Landssamtökin Proskahjálp harma að þingsályktanir sem varða réttindi fatlaðs fólks skuli ítrekað vera virtar að vettugi af hálfu framkvæmdavaldsins og hvetja Alþingi eindregið til að standa betur vörð um að framkvæmdavaldið fylgi samþykktum þess almennt og sérstaklega þegar um framfylgd og vernd mannréttinda fatlaðs fólks er að ræða.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi árið 2013. Báðir hafa þessir mannréttindasamningar óumdeilanlega mjög miklar skyldur í för með sér fyrir íslenska ríkið hvað varðar lagasetningu og stefnumótun sem varðar aðstæður, réttindi og tækifæri fatlaðra barna.

Í 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks segir undir yfirskriftinni “fötluð börn”:

1. *Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að fötluð börn fái notið allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til fulls og jafns við önnur börn.*

2. *Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.*

3. *Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll málefni er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefið tilhlýðilegt vægi í samræmi við aldur þeirra og þroska og til jafns við önnur börn og veita þeim aðstoð þar sem tekið er viðeigandi tillit til fötlunar þeirra og aldurs til þess að sá réttur megi verða að veruleika.*

Um þær almennu skuldbindingar gagnvart fötluðu fólki sem ríki undirgangast með fullgildinu sammingsins segir í 4. gr. sem hefur yfirskriftina “Almennar skuldbindingar”:

1. *Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.*

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) *að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,*

b) *að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,*

c) ***að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð,***

d) ***að aðhafast ekkert það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans,***

e) *að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að uppræta mismunun á grundvelli fötlunar af hálfu sérhvers einstaklings, samtaka eða einkaaðila, ... (Feitletranir Proskahj.).*

Fötluð börn njóta réttinda og verndar samkvæmt öllum ákvæðum sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en einnig sérstakrar verndar og réttinda því til viðbótar samkvæmt öllum ákvæðum barnasáttmála SP. Í barnasáttmálanum er einnig sérstök grein þar sem réttindi fatlaðra barna eru sérstaklega áréttuð. Þar segir:

1. *Aðildarríki viðurkenna að andlega eða líkamlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg þess og virkri þátttöku í samfélaginu.*

2. *Aðildarríki viðurkenna rétt fatlaðs barns til sérstakrar umönnunar, og skulu þau stuðla að því og sjá um að barni sem á rétt á því, svo og þeim er hafa á hendi umönnun þess, verði eftir því sem föng eru á veitt sú aðstoð sem sótt er um og hentar barninu og aðstæðum foreldra eða annarra sem annast það.*

3. Með tilliti til hinna sérstöku þarfa fatlaðs barns skal aðstoð samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar veitt ókeypis þegar unnt er, með hliðsjón af efnahag foreldra eða annarra sem hafa á hendi umönnun þess, og skal hún miðuð við að tryggt sé að fatlaða barnið hafi í raun aðgang að og njóti menntunar, þjálfunar, heilbrigðisþjónustu, endurhæfingar, starfsundirbúnings og möguleika til tómsundaiðju, þannig að stuðlað sé að sem allra mestri félagslegri aðlögun og þroska þess, þar á meðal í menningarlegum og andlegum eignum.

4. Aðildarríki skulu í anda alþjóðlegrar samvinnu stuðla að því að skipst sé á viðeigandi upplýsingum um fyrirbyggjandi heilsugæslu og læknisfræðilega, sálfræðilega og starfræna meðferð fatlaðra barna, þar á meðal með dreifingu á og aðgangi að upplýsingum um endurhæfingaraðferðir, menntun og atvinnuhjálp, er miði að því að gera aðildarríkjum kleift að bæta getu sína og færni og auka reynslu sína að þessu leyti. Hvað þetta snertir skal tekið sérstakt tillit til þarfa þróunarlanda.

Þau miklu og mikilsverðu mannréttindi fatlaðra barna sem eru áréttuð, tilgreind og varin í umræddum mannréttindasamningum eru skýr viðurkenning alþjóðasamfélagsins og íslenska ríkisins, sem hefur undirgengist þessa samninga, á því hversu berskjöluð fötluð eru og hversu mikil hætta er á að þau þurfi að þola mannréttindabrot og mismunun á öllum sviðum. Þá leggja báðir þessir samningar áherslu á vernd fatlaðra barna gegn ofbeldi af öllu tagi, svo sem hvers kyns misnotkun og einelti. Því miður sýna rannsóknir, svo að ekki verður um villst, að fötluð börn eru langtum líklegra til þess að verða fyrir hvers kyns ofbeldi og misnotkun en þau sem ekki eru fötluð.

Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað og skýrt lýst því yfir að þau vilji vinna og móta stefnu með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og leggja sig fram við að standa við loforðið sem þar er að um að "skilja engan eftir." Ljóst er að til að það takmark náist þarf að horfa sérstaklega til viðkvæmustu hópanna, þ.a.m. fatlaðra barna og gætt réttinda þeirra og hagsmuna sérstaklega við innleiðingu heimsmarkmiðinna. Því miður hefur það allt of oft verið hlutskipti fatlaðra barna að vera skilin eftir, sem birtist bæði í því að þau njóta færri tækifæra en börn almennt, til dæmis til þátttöku í tómsundastarfi og félagslífi án aðgreiningar og enn færri tækifæra til náms og starfa þegar grunn- og framhaldsskólamenntun lýkur. Veik staða fatlaðra barna og fatlaðs fólks almennt hefur neikvæð áhrif á næstum öll áform ríkisstjórnarinnar sem tengjast heimsmarkmiðunum og forgangsmarkmiðum sem miða að því að draga úr fátækt, bæta menntun fyrir alla, vinna gegn ofbeldi, efla jafnrétti, auka færni í anda sjálfbærni og stuðla að heilbrigði.

Öll stefnumótun íslenskra stjórnvalda sem varða börn verður að taka mið af þeirri staðreynd að fötluð börn njóta færri tækifæra en ófötluð og eru óumdeilanlega líklegri til þess að sæta mismunun á flestum sviðum og verða fyrir alls kyns ofbeldi. Við alla stefnumótun varðadni réttindi, vernd og tækifæri barna verður einnig að líta til þess að fötluð börn njóta mjög mikilla réttinda samkvæmt þeim mannréttindasamningum sem hér hefur verið vísað til og íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að virða og framfylgja. Allar aðgerðir sem fjalla um börn almennt verða því að miða að því að tryggja fötluðum börnum öll réttindi og tækifæri til jafns við önnur börn og verja þau með öllum tiltækum ráðum fyrir mismunun og ofbeldi af öllu tagi. Af þessu leiðir að huga verður ávallt og sérstaklega að stöðu og þörfum fatlaðra barna og útfæra stefnur og innleiðingu þeirra með sérstakar fatlaðra barna í huga. Ekki má ætla að þörfum

þeirra sé sjálfkrafa mætt og réttindi þeirra uppfyllt innan ramma sem fjallar um börn almennt. Tryggja þarf viðbótarstuðning með viðeigandi aðlögun á öllum sviðum.

Með vísan til þess sem að framan segir vilja Landssamtökin Þroskahjálp koma eftirfarandi á framfæri varðandi þá þingsályktunar tillögu sem hér er til umsagnar:

1. Í þingsályktunartillögunni er að finna aðgerðir sem eru til þess fallnar að bæta stöðu barna og innleiðingu barnasáttmálans. Meðal annars eru áform um að vinna heildstæða stefnu um málefni barna sem m.a tekur með af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Landssamtökin Þroskahjálp fagna þessu sérstaklega. Einnig aðgerð sem felur í sér að íslensk löggjöf verði samræmd barnasáttmálanum og að stjórnvöld uppfylli frekari skulbindingar er varða rétt barna. Samtökin lýsa yfir mikilli ánægju með þessar áherslur og ítreka mikilvægi þess að gæta sérstaklega að hagsmunum fatlaðra barna. Samtökin lýsa yfir vilja til þess að taka þátt í vinnu við koma þessum mikilvægu verkefnum til framkvæmdar, en skylt er samkvæmt ákvæði í 4. grein samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks að hafa samráð við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess í verkefnum sem þessum. Þar segir:

Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökufarli varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd. (Feitletr. Þroskahj.).

2. Í tillögunni er fjallað er um markvissa öflun gagna, m.a. í tengslum við farsældarmælaborðið. Landssamtökin Þroskahjálp benda á mikilvægi þess að sundurgreina tölfræðigögn með tiliti til fötlunar svo mögulegt sé að leggja mat á raunverulega stöðu fatlaðra barna, svo sem skylt er að gera samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
3. Í tillögunni er talsvert fjallað um samráð við börn og mikilvægi þess að slíkt samráð endurspegli raddir ólíkra hópa barna. T.a.m. eru uppi áform um að koma á fót rafrænum þátttökuvettvangi og opna barnvæna samráðsgátt. Landssamtökin Þroskahjálp lýsa ánægju með þessi áform og eru reiðubúin til samstarfs um að tryggja tækifæri fatlaðra barna til þátttöku. Við ítrekum að í verkefnum sem þessum er nauðsynlegt að gera sérstaklega ráð fyrir fötluðum börnum, og veita stuðning svo það sé raunverulegur valkostur fyrir þau að taka þátt. Þá bendum við einnig á ungmennaráð Þroskahjálpar, sem skipað er ungmönnum á aldrinum 16 – 24 ára, er ávallt reiðubúið til samráðs um málefni ungs fólks og aðferðafræði til að tryggja þátttöku fatlaðra barna og ungmenna.

Landssamtökin Þroskahjálp óska eindregið eftir að fá fund með velferðarnefnd til að gera betur grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslum varðandi þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst,

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálp.

Anna Lára Steindal, verkefnisstjóri í málefnum barna og ungmenna.

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2021
Tilvísun: 2021051092/SBM

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 12. maí 2021 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (þskj. 1308, 762. mál á 151. löggjafarþingi).

Með tillögunni er lögð fram stefna og aðgerðaáætlun til að fylgja eftir innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögfestur var á Alþingi árið 2013.

Persónuvernd gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

1.

Í II. kafla tillögunnar er fjallað um rafrænan þátttökuvettvang barna. Nánar tiltekið segir í kafla 1.1.2 að stofnaður verði rafrænn vettvangur þar sem börn geti tekið þátt í virku samráði við stjórnvöld. Jafnframt segir að ungmennaráðum/ráðgjafahópum, ungmennasamtökum og börnum yngri en 18 ára verði gert kleift að skrá sig til þátttöku. Í gegnum vettvanginn verði meðal annars hægt að sækja stafræna fræðslu um réttindi barna, taka þátt í spurningakönnunum og tengjast rafrænni samráðsgátt.

Þá er í kafla 1.3 jafnframt fjallað um barnvæna samráðsgátt. Nánar tiltekið segir í kafla 1.3.2 að samráðsgátt stjórnvalda verði gerð aðgengilegri fyrir börn og möguleiki þeirra á þátttöku aukinn. Börn geti skilað inn umsögnum líkt og aðrir. Þá segir að setja verði viðmið um hvaða mál eigi að fara inn á barnvæna samráðsgátt, hvernig börn eigi að geta komið á framfæri athugasemdum og hvort gera eigi kröfu um rafræna auðkenningu líkt og gert sé í samráðsgátt stjórnvalda.

2.

Með vísan til framangreinds vill Persónuvernd vekja sérstaka athygli á að persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. reglugerð (ESB) 2016/679, þar sem þau kunna að vera síður meðvituð um áhættu, afleiðingar og réttindi sín í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd áréttar því mikilvægi þess að hvers kyns vinnsla persónuupplýsinga, sem fram fer í tengslum við rafrænan þátttökuvettvang fyrir börn og barnvæna samráðsgátt, verði í fullu samræmi við




kröfur laga nr. 90/2018, sbr. reglugerð (ESB) 2016/679, meðal annars hvað varðar heimild til vinnslu, meginreglur og öryggi persónuupplýsinga.

Þá bendir Persónuvernd jafnframt á að fræðsluskylda hvílir á þeim sem vinna persónuupplýsingar samkvæmt 17. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 12.-14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, en við veitingu fræðslu til barna um fyrirhugaða vinnslu persónuupplýsinga þarf sérstaklega að gæta að því að hún sé á skýru og skiljanlegu máli.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni þingsályktunartillögunnar. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Vigdís Eva Línal


Steinunn Birna Magnúsdóttir



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. maí 2021

2105008SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um barnvænt Ísland - framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 762. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 12. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 762. mál.

Með þingsályktunartillögunni eru sett fram markmið og aðgerðaáætlun sem ætlað er að stuðla að markvissri innleiðingu á öllum þáttum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með hliðsjón af almennum athugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

Í skýringum með tillögunni er vísað til þeirrar fjölbreyttu vinnu sem farið hefur fram undanfarin ár og varðar réttindi og farsæld barna. Sambandið hefur tekið virkan þátt í þeirri vinnu og átti m.a. fulltrúa í starfshópi um mótun þingsályktunartillögunnar. Þá hefur stefnan tekið jákvæðum breytingum frá því að hún var fyrst kynnt í samráðsgátt og brugðist hefur verið við mörgum af þeim ábendingum sem sambandið kom með í [umsögn](#) sinni við stefnuna á því stigi.

Afstaða sambandsins

Að áliti sambandsins er afar jákvætt að unnið sé að aðgerðum þar sem velferð barna er höfð að leiðarljósi og að mótuð sé stefna í þeim anda. Þá styður sambandið aðgerðir er miða að því að innleiða barnasáttmála SP en í stefnumótun sambandsins 2018-2022 segir m.a.:

Sambandi beiti sé fyrir því að sveitarfélög fái stuðning ríkisins við innleiðingu á meginreglum Barnasáttmála SP í starfsemi þeirra og stjórnarsýslu.

Þá er ánægjulegt að sjá að markmiðum stefnunnar fylgi tímasett aðgerðaáætlun þar sem ábyrgð er skilgreind. Aðgerðir stefnunnar geta þó almennt ekki orðið að veruleika nema þeim fylgi fjármagn. Umræddar aðgerðir eru ekki kostnaðarmetnar í þingsályktuninni og er því rétt að setja þann fyrirvara að gera verður ráð fyrir að umræddar aðgerðir kalli á aukið fjármagn í málaflokkinn bæði hjá ríki og sveitarfélögum.

Um einstakar aðgerðir

Almennt er sambandið fylgjandi þeim aðgerðum sem tilgreindar eru í aðgerðaáætluninni en bendir þó á eftirfarandi:

Fræðsla um réttindi barna – tillaga 2.1.

Samkvæmt tillögunni skal setja fram fimm ára fræðsluáætlun með það að markmiði að tryggja reglulega fræðslu og útgáfu fræðsluefnis um réttindi barna. Í því samhengi er rétt að vekja athygli á að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að við lok 4. bekkjar þekki barn til barnasáttmálans en að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir sérstakri fræðslu um sáttmálann þó að vissulega geti slík fræðsla átt sér stað. Sambandið telur ástæðu til að fræðsla og umræður um réttindi barna eigi sér jafnframt stað á aðliggjandi skólastigum, eins og raunin er að einhverju leyti nú þegar, en að mikilvægt sé að eiga samtal við mennta- og menningarmálaráðuneytið um hvernig koma eigi slíkri fræðslu fyrir í þéttri dagskrá skóla

Ef markvisst á að flétta barnasáttmálann inn í skóla- og frístundastarf þarf að útfæra það vel, jafnvel með breytingu á aðalnámskrám. Þá þarf einnig að meta kostnað og tryggja fjármagn til innleiðingar.

Endurskoðun laga og samræming við ákvæði barnasáttmálans – tillaga 6.1.

Tillagan gerir ráð fyrir að íslensk löggjöf verði endurskoðuð til að tryggja samræmi milli barnasáttmálans og löggjafar. Í skýringum með tillögunni segir m.a. að lögfesta þurfi ungmennaráð sveitarfélaga með breytingum á æskulýðslögum nr. 70/2007. Sambandið hefur hvatt sveitarfélög til að koma á fót ungmennaráðum enda mikilvægt að virkja ungt fólk, efla lýðræðisvitund þeirra og að sveitastjórnir hafi samráð við ungt fólk og börn. Í þessu samhengi þarf þó að hafa í huga að aðstæður sveitarfélaga til að stofna sérstök ungmennaráð geta verið mismunandi og þarf að gera ráð fyrir að samráð sveitarstjórna við ungt fólk í sveitarfélaginu geti farið fram með öðrum hætti en stofnun formlegs ungmennaráðs.

Með vísan til framangreinds leggur sambandið til að í stað þess að gera stofnun ungmennaráða að lagaskyldu fyrir öll sveitarfélög verði inntak samráðs við börn og ungmenni skilgreint nánar í lögum. Þannig verði ljóst hvenær og um hvað samráð þurfi að eiga sér stað án þess að formfesta umgjörð um það of mikið.

Samræmingaraðili – tillaga 7.1.

Tillögu 7.1. um samræmingaraðila er ætlað að tryggja samræmda innleiðingu á réttindum barna með því að lögfesta stýrihóp Stjórnarráðsins í málefnum barna og fela honum samræmingarhlutverk. Hópurinn gegnir því veigamiklu hlutverki við innleiðingu stefnunnar.

Stýrihópurinn er skipaður fulltrúum ráðuneyta en aðkoma sveitarfélaga að hópnum er í gegnum einn áheyrnarfulltrúa sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fordæmi eru fyrir því að sambandið eigi fulltrúa í stýrihópum Stjórnarráðsins þegar um er að ræða málefni sem skipta sveitarfélögin miklu máli eins og sjá má á skipan stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál. Sveitarfélögin í landinu eru lykilaðilar þegar kemur að þjónustu og samskiptum við börn og því afar mikilvægur hlekkur við innleiðingu barnasáttmálans.

Með vísan til framangreinds leggur sambandið til að það fái fastan fulltrúa í stýrihópi Stjórnarráðsins í málefnum barna.

Barnvæn sveitarfélög – tillaga 7.3

Sambandið tekur undir það markmið að sveitarfélög á Íslandi verði barnvæn sveitarfélög enda forsenda þess að Ísland geti talist barnvænt. Þá er ánægjulegt að sjá að gert sé ráð fyrir að markviss ráðgjöf og fræðsla standi öllum sveitarfélögum til boða þó svo að ekki komi fram hvernig sú aðstoð verður fjármögnuð.

Mikilvægt er þó að sveitarfélög hafi sjálf val um hvenær þau hefja þessa vegferð og því lagt til að í stað þessa að miða við að barnvæn sveitarfélög nái til 80% barna árið 2024 verði sett upp áætlun um hvernig aðstoða megi sveitarfélögin við að innleiða barnasáttmálann.

Farsældarborð – tillaga 8.1.

Samkvæmt tillögu um farsældarborð er gert ráð fyrir að til staðar sé víðtækt tölfræðilegt yfirlit yfir velferð, líðan og réttindi barna á Íslandi og að gögnin séu aðgengileg í mælaborði. Í því samhengi bendir sambandið á [umsögn](#) sem það sendi í samráðsgátt stjórnvalda um þróun mælaborðs um farsæld barna. Þar kemur fram að sambandið sé mjög fylgjandi þessari vinnu en jafnframt eru settar fram ábendingar um þætti sem huga þarf að.

Sambandið bindur miklar vonir við að farsældarborð geti nýst sveitarfélögum þegar kemur að því að auka farsæld barna á þeirra svæði. Er því mikilvægt að við útfærslu mælaborðsins verði tryggt að hægt sé að fá staðbundnar upplýsingar brotin niður á sveitarfélög að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða.

Lokaorð


Ljóst er af metnaðarfullri aðgerðaáætlun í þingsályktunartillögunni að mikill vilji er til að ráðast í aðgerðir til að tryggja innleiðingu barnasáttmálans á Íslandi.

Sambandið styður það verkefni heilshugar og tekur undir þær aðgerðir sem lagðar eru til.

Það er hins vegar alveg ljóst að sveitarfélög eru misvel í stakk búin til að takast á við þetta verkefni, bæði fjárhagslega og hvað mannauð varðar, og þarf útfærsla aðgerða og mat á kostnaði að taka mið af því svo niðurstaðan verði farsæl og í þágu allra barna. Þá er alveg ljóst að sveitarfélögin geta ekki staðið við þessi metnaðarfullu markmið nema auknu fjármagni verði varið til verkefnisins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 31. maí 2021

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um barnvænt Íslands – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 762. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 12. maí sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreinda tillögu til þingsályktunar.

Er fyrstu drög að umræddri stefnu voru lögð fram til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda gerði umboðsmaður barna athugasemdir við tiltekin atriði hennar eins og að ekkert samráð var haft við börn í þeirri vinnu. Í umsögn sinni hvatti því umboðsmaður barna félagsmálaráðuneytið til þess að leita allra leiða til að tryggja virkt og nauðsynlegt samráð við börn við áframhaldandi vinnu við mótun stefnunnar. Í kjölfar þess að stefnan var tekin til áframhaldandi vinnslu tók umboðsmaður barna að sér að sjá um samráð við börn um efni stefnunnar fyrir hönd félagsmálaráðuneytisins en rúmlega 800 börn tóku þátt í þeirri vinnu sem er til eftirbreytni.

Að mati umboðsmanns barna hefur stefnan tekið miklum og jákvæðum breytingum frá því að fyrstu drög hennar voru kynnt. Aðgerðir hafa verið skýrðar og kostnaðarmetnar og tillit hefur verið tekið til ýmissa sjónarmiða sem embættið hefur sett fram sem þátttakandi í starfshópnum sem vann að endanlegri útgáfu stefnunnar. Þó vill umboðsmaður barna koma því á framfæri að í stefnunni er lagt til að fram fari könnun meðal barna á þekkingu þeirra á réttindum sínum og upplifun af innleiðingu Barnasáttmálans. Í stefnunni er lagt til að sú könnun fari fram á þeim stafræna þáttökuvettvangi sem er meðal tillagna stefnunnar, en að mati umboðsmanns barna verður þar fyrst og fremst að finna börn sem þegar þekkja réttindi sín og eru virkir þátttakendur í félagastarfi og samfélagslegri umræðu. Það er því nauðsynlegt að kortleggja þekkingu annarra hópa barna á eigin réttindum, eigi könnunin að leiða í ljós raunverulega stöðu á innleiðingu Barnasáttmálans í íslensku samfélagi.

Umboðsmaður barna tekur undir helstu áherslur stefnunnar og telur þær vera til þess fallnar að stuðla að áframhaldandi innleiðingu barnasáttmálans, eins og til að mynda áherslan á þátttöku barna, aðgengi barna að stjórnsýslunni, fræðslu um réttindi barna, innleiðingu formlegs mats á hagsmunum barna og setningu heildstæðrar stefnu um málefni barna, en allt eru það aðgerðir sem umboðsmaður barna hefur kallað eftir.

Í umsögn um fyrstu drög stefnunnar benti umboðsmaður á að ekki var búið að tryggja fjármagn til að hrinda aðgerðum stefnunnar í framkvæmd. Nú liggur fyrir að tekist hefur að fjármagna stóran hluta þeirra aðgerða sem um ræðir, en þó ekki að öllu leyti. Má sem dæmi nefna að ekki er búið að tryggja fjármagn til aðgerðar stefnunnar um réttindagæslu hjá embætti umboðsmanns barna og ljóst er að embættið mun því ekki geta sinnt því hlutverki, án þeirrar fjárveitingar til verkefnisins, sem stefnan gerir ráð fyrir. Aðgerðinni er ætlað að tryggja að börn og/eða foreldrar þeirra geti leitað stuðnings og ráðgjafar hjá embættinu sem aðstoðar þau við að leita réttar barns hjá stjórnvöldum. Tilgangur aðgerðarinnar er að efla eftirlit með framfylgd réttinda barna en um leið að koma til móts við athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna sem hefur beint því til íslenska ríkisins að veita umboðsmanni barna vald til að taka mál einstakra barna til meðferðar og tryggja að það úrræði sé skilvirkt og aðgengilegt öllum börnum.

Með vísan til alls framangreinds mælir umboðsmaður barna með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna



Nefnasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. júní 2021

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um tillögu til þingsályktunar um Barnvænt Ísland- framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 762. mál.

ÖBÍ fagnar því að stjórnvöld vinni markvisst að því að auka vægi barna í íslensku samfélagi. Mikilvægur þáttur í því er að tryggja börnum og ungmennum jöfn tækifæri til þátttöku án mismunar af nokkru tagi. Eiga virkt samráð við börn og ungmenni og fræða almenning og hið opinbera um réttindi barna.

Ánægjulegt er að sett sé fram tímasett aðgerðaráætlun en ástæða er til að minna á að tryggja þarf fjármagn til að hægt sé að ná markmiðum áætlunarinnar.

Ábendingar varðandi einstaka liði:

1.1. Þátttökuvettvangur

Ánægjulegt er að skapa eigi rafrænan vettvang í því skyni að auðvelda börnum og ungmennum að taka þátt í virku samráði við stjórnvöld. Sérstaklega er þess getið að mikilvægt sé að hafa samráð við viðkvæma hópa barna, m.a. fötluð börn.

ÖBÍ bendir á að Tryggja verði að vettvangurinn sé aðgengilegur öllum hópum barna og vísar í 29. gr. SSRF þar segir „vinna skal ótullega að mótun umhverfis þar sem fatlað fólk getur tekið virkan og fullan þátt í opinberri starfsemi, án mismununar og til jafns við aðra, og hvetja til þátttöku þess í opinberri starfsemi“.

2.1. Fræðsla um réttindi barna

Gott er að útbúa eigi fræðsluáætlun um réttindi barna og innleiðingu barnasáttmálans sem ná á til barna, forsjáraðila, fagfólks og annara sem vinna með og fyrir börn.

ÖBÍ leggur til að einnig verði horft til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRF) þar sem réttindi fatlaðra barna eru áréttuð enn frekar.

3.3. Réttindagæsla hjá embætti umboðsmanns barna

ÖBÍ fagnar því að ráða eigi starfsmann til tveggja ára til að sinna réttindagæslu barna sem veita eigi stuðning, ráðgjöf og aðstoð við að leita réttar síns.

ÖBÍ leggur til að réttindagæsla barna verði ekki tilraunaverkefni heldur fast hlutverk hjá embætti uboðsmanns barna.

6.1. Endurskoðun laga og samræming við ákvæði barnasáttmálans

Gleðilegt er að tryggja eigi samræmi milli greina barnasáttmálans og íslenskrar löggjafar ásamt því að alþjóðlegar skuldbindingar er varða réttindi barna verði uppfylltar.

ÖBÍ leggur til að einnig verði horft til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRF) við samræminguna og vísar í 7. gr. SSRF þar segir „aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fötluð börn fái notið fullra mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við önnur börn“.

7.2. Eftirfylgni með lokaathugasemdum barnaréttarnefndarinnar

Stjórnvöld skiluðu skýrslu til barnaréttarnefndarinnar og er ánægjulegt að sjá að fara eigi í að útbúa markvissa viðbragðsáætlun við lokaathugasemdum nefndarinnar.

8.1. Farsældarborð

Mikilvægt er að haldið verði áfram að vinna að farsældarmælaborðinu sem hefur verið í þróun síðustu ár. Skortur er á tölfræði varðandi fötluð börn á Íslandi.

ÖBÍ leggur til að mælaborðið taki saman tölfræðigögn um fötluð börn með markvissum hætti til að hægt sé að sjá raunverulega stöðu fatlaðra barna í íslensku samfélagi.

Málefni fatlaðra barna jafnt og ófatlaðra barna eru mjög mikilvæg. Því fagnar ÖBÍ allri markvissri vinnu sem stuðlar að velferð og velsæld barna.

Ekkert um okkur án okkar!



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður Öryrkjabandalags Íslands



Þórdís Viborg
verkefnastjóri ÖBÍ